

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 18. október 2019

Mál nr. E-2690/2018:

Samtök sparifjareigenda

Hróbjartur Jónatansson lögmaður

gegn

Ólafi Ólafssyni

Pórólfur Jónsson lögmaður

Úrskurður

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. september 2019, er höfðað með stefnu, birtri í Lögbirtingablaðinu 5. júní 2018, af Samtökum sparifjareigenda, Þórunnartúni 2, Reykjavík, á hendur Ólafi Ólafssyni, með lögheimili í Sviss.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega** að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 902.493.733 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 453.924.163 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 132.372.900 krónur ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 23. september 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautþrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum ásamt vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 18. september 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautþrautþrautavara að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna fjártjóns stefnanda sem hlaust af markaðsmisnotkun stefnda með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á árinu 2008.

Þá krefst stefnandi í öllum tilvikum greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi greiðslu málskostnaðar, ásamt álagi á málskostnað.

Stefndi lagði fram greinargerð í málinu hinn 9. október 2018. Á grundvelli 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 takmarkast greinargerðin við kröfu um að málinu verði vísað frá dómi.

I.

1.

Forsaga máls þessa er að stefnandi höfðaði upphaflega mál á árinu 2016 á hendur stefnda og fjórum fyrrum starfsmönnum Kaupþings banka hf. og krafði þá um skaðabætur vegna tjóns sem Stapi 1 lífeyrissjóður hf. (Stapi/lífeyrissjóðurinn) taldi sig hafa orðið fyrir vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi banka hf., en lífeyrissjóðurinn hafði framselt stefnanda skaðabótakröfu sem hann taldi sig eiga af þessum sökum. Með dómi Hæstaréttar Íslands 11. janúar 2018 í máli nr. 845/2017, Samtök sparifjáreigenda gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Ingólfi Helgasyni, Magnúsi Guðmundssyni, Ólafi Ólafssyni og Sigurði Einarssyni, var því máli vísað frá héraðsdómi. Taldi dómurinn m.a. að eins og málið lægi fyrir væru málsástæður stefnanda um saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu verulega vanreifaðar. Þá taldi dómurinn að skaðabótaábyrgð gæti ekki fallið á einstaka varnaraðila vegna atvika sem kynnu að hafa gerst áður en þeir áttu hlut að máli. Þá kom einnig fram í dóminum að reifun stefnanda á atriðum varðandi umfang tjóns hefði verið háð verulegum annmörkum.

2.

Mál þetta varðar kröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda vegna markaðsmisnotkunar sem átti sér stað í Kaupþingi banka hf. á árunum 2007–2008. Byggir málsóknin á því að stefndi hafi með markaðsmisnotkun, m.a. þeirri sem hann var sakfelldur fyrir með dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014, valdið hluthöfum í bankanum tjóni með því að blekkja þá annars vegar til að kaupa hlutabréf í bankanum á of háu verði á skipulegum verðbréfamarkaði og að selja þau ekki áður en bankinn féll þann 9. október 2008 með yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á bankanum.

Til grundvallar málatilbúnaði sínum vísar stefnandi m.a. til dóma Hæstaréttar í málum nr. 145/2014 og nr. 498/2015. Í fyrrgreinda dóminum sem kveðinn var upp 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ólafi Ólafssyni og Magnúsi Guðmundssyni, var stefndi sakfelldur fyrir brot gegn 117. gr., sbr. 146. gr., laga nr. 108/2007 með því að hafa staðið að viðskiptum með rúmlega 5% af heildarhlutafé í Kaupþingi banka hf. á tímabilinu 18.–23. september 2008, í tengslum við viðskipti fjárfestisins sheikh Mohammad Bin Khalifa Al-Thani (MAT).

Með dómi Hæstaréttar 6. október 2016 í máli nr. 498/2015, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ingólfi Helgasyni, Einari Pálma Sigmundssyni, Birni Sæ Björnssyni, Pétri Kristni Guðmarssyni, Magnúsi Guðmundssyni, Bjarka H. Diego og Björk Þórarinsdóttur, voru stjórnendur Kaupþings banka hf. sakfelldir fyrir að hafa staðið að markaðsmisnotkun í viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á öllu tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008. Stefndi var ekki ákærður í þessu máli, en hann var eins og fyrr segir sakfelldur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 fyrir að hafa staðið að markaðsmisnotkun með hlutabréf í bankanum á tímabilinu 18.–23. september 2008.

II.

1.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á almennum reglum skaðabótaréttar um bótaskyldu utan samninga. Annars vegar er á því byggt að með dómi Hæstaréttar 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ólafi Ólafssyni og Magnúsi Guðmundssyni, hafi stefndi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart hluthöfum bankans vegna markaðsmisnotkunar með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 18.–23. september 2008. Byggir stefnandi á því að stefndi hafi í greindum dómi verið sakfelldur, ásamt formlegum stjórnendum Kaupþings, fyrir markaðsmisnotkun í tengslum við viðskipti Kaupþings við félag í eigu fjárfestisins sheikh Mohammad Bin Khalifa Al-Thani (MAT) og að dómurinn hafi fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í þeim greinir, sbr. 4. mgr. 186. gr. sml. og 4. mgr. 116. gr. eml.

Hins vegar byggir stefnandi málatilbúnað sinn á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda „með þátttöku“ sinni í því að Kaupþing tók á sig alla markaðsáhættu af hlutabréfaeign Eglu Invest BV. í bankanum með því að lána félaginu yfir 3.000 milljónir króna „á fyrri hluta árs 2008“, gagnert í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi. Með þessu hafi stefndi gerst brotlegur við 117. gr. verðbréfavíðskiptalaga (vvl.) með samsvarandi bótaskyldu gagnvart hluthöfum í bankanum. Telur stefnandi óhjákvæmilegt að álykta annað en að endurfjármögnun Kaupþings á skuldum Eglu Invest BV. við erlendan banka hafi verið framkvæmd af yfirlögðu ráði af hálfu stefnda til þess að forða markaðslækkun hlutabréfa í Kaupþingi og sem liður í þeirri viðvarandi markaðsmisnotkun sem lýst hafi verið sem refsiverðri í dómi Hæstaréttar 6. október 2016 í máli nr. 498/2015. Í þeirri aðgerð hafi falist ásetningur um að tryggja markaðsverð á hlutabréfum í Kaupþingi í skilningi b-liðar 1. tölul. 117. gr. vvl. sem sé bæði saknæmt og ólöglegt.

2.

Stefnandi byggir á því að fjártjón vegna viðskipta Stapa lífeyrissjóðs með hlutabréf í Kaupþingi sé afleiðing saknæmrar og ólögðrar háttsemi stefnda sem greind er hér að framan. Þegar markaðsmisnotkun stefnda hófst hefði Stapi átt hlutabréf í bankanum sem keypt hefðu verið fyrir 4.230.351.569 krónur, en á tímabilinu 1. nóvember 2007 til og með 7. ágúst 2008 átti lífeyrissjóðurinn viðskipti með hluti í bankanum. Nettó mismunur kaupverðs hlutabréfanna annars vegar og söliverðs og arðs af bréfunum hins vegar hafi numið 902.493.733 krónur þegar Kaupþing féll.

Stefnandi byggir á því að ef verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi hefði fylgt lögum og reglum um verðmyndun á hlutabréfamarkaði sé vafalaust að markaðsverð þeirra á árinu 2008 hefði haft eðlilega fylgni við bókfært eigið fé bankans eins og það var skráð samkvæmt ársreikningum hans. Með því að kaupa hlutabréfin á markaði á verðum sem helguðust af markaðsmisnotkun stefnda greiddi lífeyrissjóðurinn of hátt verð fyrir bréfin og dró aðrar ályktanir af stöðu bankans sem fjárfestingarkosts á skipulegum verðbréfamarkaði en ella hefði verið ástæða til að gera. Það hafi valdið því að tap lífeyrissjóðsins var stærra er bréfin urðu verðlaus við fall bankans.

Einnig er byggt á því að sú háttsemi stefnda „að sammælast“ við stjórnendur Kaupþings um að bankinn tæki á sig alla markaðsáhættu af eignarhaldi Eglu Invest BV. á 9,88% hlut í bankanum, í því skyni að forða því að Citibank gengi að hinum veðsettu hlutabréfum í Kaupþingi, hafi valdið því að markaðsverð á hlutabréfum í bankanum hélst uppi. Ef stefndi og Kaupþing hefðu ekki gripið inn í fyrirætlanir Citibank um að ganga að hinum veðsettu hlutabréfum hefði sú markaðsmisnotkun sem bankinn stundaði frá 1. nóvember 2007 og fram eftir árinu 2008 ekki tekist. Lífeyrissjóðurinn hafi því keypt hlutabréfin í Kaupþingi á árinu 2008 á verði sem haldið var of háu með markaðsmisnotkun stefnda og stjórnenda Kaupþings.

Þá er á því byggt að með þeirri háttsemi að halda ólöglega uppi markaðsgengi hlutabréfa bankans með röngum yfirlýsingum um viðskipti bankans við MAT hafi leitt til þess að lífeyrissjóðurinn seldi ekki bréf sín í Kaupþingi í september 2008.

3.

Stefnandi krefst skaðabóta sem nemi þeirri fjárhæð sem Stapi lífeyrissjóður tapaði í kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi vegna markaðsmisnotkunar stefnda með bréf í bankanum. Til grundvallar útreikningi aðalkröfu sinnar er byggt á heildarfjárhæð sem Stapi lífeyrissjóður mun hafa greitt fyrir hlutabréf í Kaupþingi fyrir 1. nóvember 2007, samtals að fjárhæð 4.230.351.569 krónur. Eftir það tímabil og fram til 7. ágúst 2008 hafi sjóðurinn keypt hlutabréf fyrir 2.161.176.732 krónur. Samtals hafi sjóðurinn því keypt bréf fyrir samtals 6.391.528.301 krónu. Frá 1.

nóvember 2007 og til falls bankans hafi sjóðurinn selt bréf fyrir samtals 5.455.837.008 krónur. Fenginn arður af bréfunum eftir 7. nóvember 2007 hafi numið 33.197.560 krónum. Nettó mismunur kaupverðs hlutabréfanna annars vegar og söluverðs og arðs hins vegar hafi numið 902.493.733 krónur, er sé aðalkrafa stefnanda. Vísar stefnandi til yfirlits sem stefnandi hefur tekið saman um hlutabréfakaup lífeyrissjóðsins. Með aðalkröfu sinni krefjist stefnandi þess að stefndi greiði skaðabætur sem geri hann eins settan og kaup lífeyrissjóðsins hefðu ekki átt sér stað á árinu 2008.

Varakrafa stefnanda byggir á því að Stapi lífeyrissjóður hafi orðið fyrir fjártjóni þar sem sjóðurinn hafi greitt verulega hærra kaupverð fyrir bréfin vegna markaðsmisnotkunar stefnda á árinu 2008. Ef ekki hefði verið um að ræða markaðsmisnotkun með hlutabréf bankans þá hefði verð bréfanna „að líkindum“ endurspeglad bókfært virði bankans eins og það var í útgefnum ársreikningum bankans. Fyrir liggir að lífeyrissjóðurinn hafi keypt á árinu 2008 alls 2.615.825 hluti í Kaupþingi fyrir 1.999.876.738 krónur. Samkvæmt útgefnum árs- og árshlutareikningum bankans á tímabilinu 31. desember 2007 til október 2008 hafi miðgildi bókfærðs verðs pr. hlut verið 545 krónur. Markaðsvirði fyrrgreindra hlutabréfa hafi því numið 1.425.624.625 krónum, sé miðað við miðgildið, í stað 1.999.876.738 króna. Til einföldunar miði stefnandi í fyrstu varakröfu sinni við hæsta bókfærða verð pr. hlut í Kaupþingi, þ.e. 591 krónu samkvæmt útgefnum árshlutareikningi pr. 30. júní 2008. Á þeim tíma hafi kaupverð lífeyrissjóðsins á hlutabréfum í Kaupþingi, umfram bókfært verð pr. hlut, numið 453.924.163 krónum.

Þrautavarakrafa stefnanda er byggð á því að stefnandi hafi verið blekkur til að selja ekki hlutabréf sín í Kaupþingi í september 2008. Þetta hafi orðið til þess að hlutabréf hans í Kaupþingi urðu verðlaus við fall bankans í október 2008. Ef ekki hefði komið til sýndarviðskipta við MAT hefði lífeyrissjóðurinn „að líkindum“ selt hlutabréf sín í bankanum á því markaðsverði sem var fánlegt þann 18. september 2008 er brotatímabil stefnda hófst. Þann 17. september 2008 hafi dagslokagengi á hlutabréfum Kaupþings verið 675 krónur. Fjöldi hluta sem lífeyrissjóðurinn átti þá nam 196.108, að nafnverði 1.961.080 krónur. Söluverð þeirra hluta samkvæmt dagslokagengi þann 17. september 2008 hafi því numið 132.372.900 krónum og það jafngildi fjártjóni stefnanda.

Í þrautþrautavarakröfu krefst stefnandi skaðabóta að álitum með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 145/2014, en í því máli hafi stefnda verið gerð refsing fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf í Kaupþingi.

Í þrautþrautþrautavarakröfu er krafist viðurkenningar á bótaskyldu. Er um bótagrundvöll vísað til þess „sem áður greinir“.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefnandi öllum málatilbúnaði stefnda um frávísun málsins.

III.

1.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til dóms Hæstaréttar 11. janúar 2018 í máli nr. 845/2017 þar sem kröfum stefnanda á hendur stefnda og fjórum öðrum var vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Telur stefndi að stefnandi freisti þess í máli þessu að lagfæra þá annmarka sem voru á upphaflegri málshöfðun. Það hafi stefnanda ekki tekist. Málatilbúnaður stefnanda sé enn óskýr, ruglingslegur og þversagnakenndur, og eigi stefndi af þeim sökum erfitt með að grípa til varna.

Stefndi telur að kröfugerð stefnanda sé haldin ýmsum ágöllum. Ef fallist yrði á röksemdir stefnanda um að meint markaðsmisnotkun stefnda hafi haldið verði á hlutabréfum í Kaupþingi óeðlilega háu sé ljóst að Stapi hagnaðist á þeirri markaðsmisnotkun, enda hefði hann þá átt að fá mun lægra verð fyrir hlutabréfin sem hann seldi en ella. Hann hafi því hagnast af meintri háttsemi stefnda. Vísar stefnandi til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í þessu sambandi þar sem lagt var til grundvallar að stefnandi hafi *selt meira af hlutabréfum eftir 1. nóvember 2007 en hann átti þá, og verður að ætla að markaðsmisnotkun hlyti að hafa valdið því að söluverðið hafi þá orðið hærra en ef hennar hefði ekki gætt*. Stefnandi hafi ekki bætt úr þessum ágalla og geti þess í engu við útreikning á tjóni sínu hvaða áhrif það hafi haft að söluverð hlutabréfanna var hærra en ella. Ef fallist verði á bótakröfur hans yrði stefnandi að öllum líkindum betur settur fjárhagslega en ef hið meinta tjónsatvik hefði aldrei átt sér stað. Málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður að þessu leyti. Þá liggi engar upplýsingar fyrir um það á hvaða verði Stapi keypti það hlutafé í Kaupþingi sem hann kveðst hafa eignast fyrir 1. nóvember 2007.

Stefndi telur eina sönnunargagnið sem stefnandi hafi lagt fram um hlutabréfaviðskipti Stapa ófullnægjandi, en stefnandi byggir kröfur sína á viðskiptayfirliti sem hann sjálfur eða Stapi hafi útbúið, í stað yfirlits kauphallar eða verðbréfaskráninga. Í yfirlitinu sé ekki getið um gagnaðila einstakra viðskipta eða gjalddaga. Auk þess séu viðskiptin ekki tilgreind í tímaröð, sem leiði til þess að engin leið sé að rekja hvernig eignarhald Stapa hafi breyst með tímanum.

2.

Nánar um einstakar dómkröfur telur stefndi að fjárhæð aðalkröfu, 902.493.733 krónur, sé óskiljanleg. Ef stefnandi sé í raun að byggja kröfu sína á því að taka eigi til baka kaup hans á hlutabréfum í Kaupþingi á árinu 2008 þá komi fram í stefnu að kaupin á þeim tíma hafi numið samtals 1.999.876.738 krónum, sú fjárhæð sé ekki í

samræmi við aðalkröfu stefnanda, auk þess sem ekki hafi þá verið tekið tillit til söluandvirðis bréfanna á sama tímabili. Ef hins vegar málatilbúnaður stefnanda byggir á því að gera eigi hann eins settan og Stapi hefði aldrei „stofnað til viðskipta“ á árinu 2008 sé ljóst að tjón vegna þess nemi ekki kröfufjárhæðinni, heldur leiði fremur af stefnu að stefnandi hafi selt bréf fyrir u.þ.b. 3.000.000.000 króna meira en hann keypti fyrir á tímabilinu og hafi því augljóslega ekki orðið fyrir neinu tjóni. Af framangreindu sé ljóst að ekkert samhengi sé í framsetningu aðalkröfu stefnanda og hún sé alvarlega vanreifuð.

Um varakröfu stefnanda tekur stefndi fram að í henni sé litið framhjá þeirri staðreynd að Stapi seldi einnig hlutabréf á þessu tímabili og ekki sé horft til þess við útreikning skaðabótakröfunnar. Krafa sé því vanreifuð. Í greindum dómi Hæstaréttar hafi einmitt verið um þetta fjallað. Stefnandi sé því að setja kröfugerð sína aftur fram í trássi við skýra afstöðu Hæstaréttar.

Um þrautavarakröfu bendir stefndi á þversögn í málatilbúnaði stefnanda. Hann reikni meint tjón sitt út frá dagslokaverði á markaði í september 2008 jafnframt því sem hann haldi því fram að það verð sé of hátt vegna markaðsmisnotkunar stefnda. Samkvæmt málatilbúnaði sínum hefði stefnandi átt að reikna meint tjón sitt út frá því sem hann telur eðlilegt verðmæti hlutabréfanna þann daginn. Tjón hans sé því vanreifað. Þetta sé eitt af þeim atriðum sem Hæstiréttur fann að í málatilbúnaði stefnanda við fyrri málshöfðun. Hæstiréttur tiltók þannig skýrt að ef stefnandi hygðist byggja kröfu sína á slíkum grunni yrði hann að sýna fram á „... hvaða verð hefði getað fengist við þær aðstæður fyrir hlutabréfin“. Það hafi stefnandi ekki gert í þessari málshöfðun. Auk þess byggir stefndi á því að hin meinta markaðsmisnotkun sé ekki ástæða fyrir verðleysi bréfanna í byrjun október 2008, heldur sú staðreynd að sett var skilanevnd yfir bankann. Ef það hefði ekki verið gert sé ljóst að hlutabréfin hefðu ekki orðið verðlaus á því tímamarki. Þá megi sjá á umræddu yfirliti stefnanda að Stapi hafi selt eitthvað af hlutabréfum á dögnum eftir að hin meinta markaðsmisnotkun átti sér stað. Um þetta sé ekki getið í málatilbúnaði stefnanda og hann hafi þar með notið hinnar meintu ólögætu hækkunar. Þá sé málatilbúnaður stefnanda, sem lýtur að því hvort hann hefði selt hlutabréfin á þessum tímapunkti, óskýr og vanreifaður, sbr. orðalagið að Stapi hefði „að líkindum“ eða „mjög líklega“ selt hlutabréf sín í Kaupþingi á fyrrgreindum tímapunkti. Í raun leitist stefnandi ekki við að sanna þessa staðhæfingu með neinum hætti og hvergi sé þess getið í stefnu eða öðrum gögnum máls hvernig Stapi eigi að hafa tekið þessa fyrrnefndu ákvörðun og byggt hana á þessari einu tilkynningu á markaði.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða hafnar stefndi einnig þrautaþrauta- og þrautaþrautaþrautavarakröfum stefnanda.

3.

Stefndi telur meinta saknæma háttsemi stefnda og orsakatengsl vanreifuð. Vísar stefndi til dóms Hæstaréttar í fyrri málsókn stefnanda þar sem rétturinn hafi tekið fram að *í málatilbúnaði sóknaraðila er ekki að sjá viðhlítandi skýringar á því hvort eða hvernig hann telji tjón hafa í einstökum atriðum myndast innan heildartímabilsins frá 1. nóvember 2007 til 9. október 2008*. Telur stefndi þetta sérstaklega eiga við um fjármögnun Eglu Invest BV. og meinta þátttöku stefnda í þeim viðskiptum. Bendir stefndi sérstaklega á að hann hafi verið sýknaður af ákæru um hlutdeild í umboðssvikum með þeim rökstuðningi að hann hefði mátt ætla að þær lánveitingar sem þar um ræddi væru lögmætar, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 145/2014.

Þá leitist stefnandi við að spyrða stefnda saman við þá háttsemi sem leiddi til sakfellingar yfir starfsmönnum Kaupþings í dómi Hæstaréttar í máli nr. 498/2015 fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf í bankanum. Stefndi var hvorki ákærður né sakfelldur í því máli, en þrátt fyrir það sé í stefnu víða leitast við að tengja stefnda við þá háttsemi. Að sama skapi sé oft vísað til þess að staða Stapa hafi verið með tilteknum hætti þann 1. nóvember 2007, er sé sú dagsetning sem meint markaðsmisnotkun átti að hefjast. Telur stefndi óútskýrt hvaða máli það skipti að reikna stöðuna út frá þeirri dagsetningu með vísan til meintra brota stefnda. Auk þess sé í stefnu aldrei með nákvæmum hætti slegið föstu hvenær hin meinta háttsemi eigi að hafa átt sér stað. Á nokkrum stöðum í stefnu sé reiknuð út staða Stapa miðað við 1. nóvember 2007 en þess sé ekki getið hvort stefnandi telji háttsemi stefnda hafa byrjað þá. Þá sé ítrekað talað um að lánveitingar þessar hafi átt sér stað á fyrri hluta árs 2008 en það tímabil sé ekki skilgreint nánar. Vísað sé til tiltekinnar lánveitingar „í lok janúar þess árs“ sem og annarrar í apríl 2008. Hvergi sé þó að finna í stefnu upplýsingar um hvenær stefnandi telji að hin meinta ólögmæta háttsemi hafi tekið að valda því að hlutabréfaverð í Kaupþingi hafi orðið rangt og þar með hvenær hin meintu orsakatengsl hafi myndast á milli meintrar saknæmrar háttsemi stefnda og meints tjóns Stapa. Í umfjöllun um tjón beri svo við að stefnandi reikni tjónið út frá öllum kaupum á árinu 2008 og virðist þannig gera ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2008 hafi þetta tímabil hafist, það sé þó ekki rökstutt af hverju sú dagsetning sé valin. Málatilbúnaður stefnanda sé því enn haldinn sömu annmörkum og Hæstiréttur taldi varða frávísun með dómi í máli nr. 845/2017, þ.e. engan veginn sé skýrt hvernig stefnandi telji tjón hafa myndast í einstökum atvikum innan tímabilsins og hvenær hin meinta hegðun stefnda hafi byrjað að mynda tjónið. Sé þessi framsetning í andstöðu við fyrirmæli einkamálalaga um skýran og glöggan málatilbúnað.

4.

Stefndi byggir einnig kröfu sína um frávísun málsins á því að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn um sakarefni málsins þar sem hann hafi enga fjárhagslega hagsmuni af úrslitum þess. Samkvæmt stefnu hafi stefnandi fengið framseld hlutabréf Stapa ásamt mögulegum skaðabótakröfum sem Stapi kynni að eiga á hendur stefnda vegna meintrar markaðsmisnotkunar, sbr. eftirfarandi orðalag framsalsins: „Framsäl þetta er skilyrði því að fáist skaðabætur greiddar á grundvelli hinna framseldu hlutabréfa skal framsalshafi greiða framseljanda það sem upp í kröfuna fæst að frádregnum málskostnaði ...“. Af þessu leiði að í máli þessu hafi stefnandi enga fjárhagslega hagsmuni, heldur einungis fyrrum eigandi hlutabréfanna. Stefnandi hafi ekki reifað frekar hvaða aðra mögulega hagsmuni hann kunni að hafa af úrlausn sakarefnisins. Af fordæmum Hæstaréttar megi leiða að tilgangur hagsmunasamtaka eins og stefnanda sé ekki þess eðlis að það veiti stefnanda lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um kröfu sína. Sé ljóst að engu skipti um stöðu stefnanda að lögum að fá dóm um þær kröfur sem hann setji fram í málinu. Því beri að vísa málinu frá dómi, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 2.–3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Þessu til viðbótar sé ljóst að framsalið, eins og stefnandi og Stapi hafi kosið að haga því, sé einungis málamyndagerningur sem ætlað sé að veita stefnanda heimild til að sækja mál þetta í eigin nafni, án þess þó að hafa lögvarða hagsmuni af niðurstöðu þess.

Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu stefnda um lögvarða hagsmuni, þá sé á því byggt að aðild stefnanda sé vanreifuð. Í stefnu sé þess ekki getið að fyrrgreint framsäl sé skilyrt og hvaða áhrif það hafi á aðild stefnanda að málinu.

Loks er á því byggt að málið sé höfðað á röngu varnarþingi.

IV.

1.

Stefnandi byggir skaðabótakröfur sínar á hendur stefnda annars vegar á því að stefndi hafi með „þátttöku“ sinni í því að Kaupþing banki hf. tók á sig alla markaðsáhættu af hlutabréfaeign Eglu Invest BV. bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda í Kaupþingi banka hf. með því að lána félaginu yfir 3.000 milljónir króna á fyrri hluta árs 2008, í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi. Hins vegar leggur stefnandi til grundvallar kröfugerð sinni dóm Hæstaréttar 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, ákærvaldið gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Ólafi Ólafssyni og Magnúsi Guðmundssyni, en með dóminum var stefndi sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf í bankanum sem áttu sér stað á tímabilinu 18.–23. september 2008.

2.

Víkur fyrst að síðargreindri málsástæðu stefnanda. Samkvæmt henni er málartilbúnaður stefnanda byggður á því að stefndi hafi skapað sér skaðabótaábyrgð gagnvart Stapa lífeyrissjóði vegna markaðsmisnotkunar með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu 18.–23. september 2008 og að hann hafi verið sakfelldur fyrir þann verknad í dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014. Hefur dómurinn fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir þar til það gagnstæða er sannað, sbr. 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og leggur dómurinn það til grundvallar.

Aðalkrafa stefnanda er reist á því sjónarmiði að sjóðurinn hafi keypt hlutabréf í Kaupþingi banka hf. fyrir 1. nóvember 2007 fyrir tiltekna fjárhæð og ennfremur hafi hann frá þeim tíma og fram til 7. ágúst 2008 keypt hlutabréf í félaginu. Eru þessar fjárhæðir síðan lagðar saman. Frá 1. nóvember 2007 og fram að falli bankans í október 2008 hafi hann hins vegar selt bréf fyrir aðra lægri fjárhæð. Mismuninn, að teknu tilliti til arðgreiðslna, telur stefnandi vera tjón hans samkvæmt aðalkröfu sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á.

Með þessari röksemdafærslu er óljóst hvernig tjón stefnanda megi rekja til ólögmatrar og saknæmrar háttsemi stefnda á tímabilinu 18.–23. september 2008 en tjónið er reiknað út miðað við mun lengra viðskiptatímabil. Færa má rök að því að markaðsmisnotkun geti valdið röskun á réttu markaðsgengi hlutabréfa en engu að síður er óljóst hvernig aðalkrafan verður rakin til þátttöku stefnda í markaðsmisnotkuninni þar sem ýmis önnur atriði kunna að hafa haft áhrif á þann mismun sem stefnandi byggir aðalkröfuna á. Engin grein er gerð fyrir því í stefnu eða málsgögnum stefnanda hvernig þetta geti gengið upp og gögn málsins veita hér að öðru leyti enga vísbendingu. Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að vísa aðalkröfu stefnanda frá dómi vegna vanreifunar.

Í varakröfu byggir stefnandi á því að Stapi hafi orðið fyrir fjártjóni með því að hafa þurft að greiða verulega hærra kaupverð fyrir hlutabréfin en efni stóðu til vegna hlutdeildar stefnda í markaðsmisnotkuninni á árinu 2008. Ef ekki hefði verið um markaðsmisnotkun að ræða hefði verið hlutabréfanna „að líkindum“ endurspeglad bókfært virði bankans. Er varakrafan síðan reiknuð út á þessum grundvelli og miðuð við kaup lífeyrissjóðsins á hlutabréfum á öllu árinu 2008, samtals 2.615.825 hluti. Við þessa röksemdafærslu stefnanda verður að gera þá athugasemd að hin ólögmeta þátttaka stefnda í markaðsmisnotkun, samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 145/2014, er eins og áður segir miðuð við atvik á tímabilinu 18.–23. september 2008. Ekki er gerð grein fyrir því hvenær nákvæmlega þessi hlutabréfakaup fóru fram á árinu 2008 og hvernig verð þeirra megi rekja til þessarar markaðsmisnotkunar. Séu þessar forsendur ekki fyrir hendi verða bótakröfur óskýrar og engin leið til að ætlast á um fjárhæð þeirra á þeim grundvelli að verð bréfanna hefði endurspeglad bókfært verð þeirra ef ekki hefði komið til markaðsmisnotkunar. Þá er

varakrafan einnig sama marki brennd og aðalkrafa að þar er litið framhjá því að stefnandi seldi einnig hlutabréf á árinu 2008 þar sem til grundvallar var of hátt markaðsverð. Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að vísa varakröfu stefnanda frá dóminum.

Í þrautavarakröfu er byggt á því að Stapi hafi verið blekkur til að selja ekki hlutabréf sín í Kaupþingi í september 2008 og ef ekki hefði komið til sýndarviðskiptanna við MAT hefði Stapi að „líkindum“ selt hlutabréf sín í bankanum á því markaðsverði sem var fáanlegt þann 18. september 2008. Einungis er byggt á almennum líkum. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að Stapi lífeyrissjóður hefði selt hlutabréf sín í bankanum á umræddum tímamarki ef markaðsmisnotkun hefði ekki haft áhrif á verðmyndun þeirra á markaði, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017. Stefnandi leggur ekki fram nein gögn því til staðfestingar, svo sem fundargerðir, tölvupósta eða annað sem gefa til kynna slíkar vangaveltur stjórnenda lífeyrissjóðsins. Þá liggur fyrir að stefnandi seldi bréf í bankanum eftir þessi meintu viðskipti MAT, en engin grein er gerð fyrir söluhagnaði stefnanda hvað það varðar. Í ljósi framangreinds verður einnig að vísa dómkröfu þessari frá dómi.

Í fjórðu dómkröfu sinni krefst stefnandi skaðabóta að álitum. Af þeim ástæðum sem raktar eru hér að framan um aðal- og varakröfur stefnanda verður ekki heldur unnt að ákveða stefnanda skaðabætur að álitum, enda liggur ekki fyrir á hvaða grundvelli ætti að áætla slíkar bætur. Þá er ekki heldur unnt að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu vegna fjártjóns án þess að kveða á um fjárhæð bóta, nema fyrir liggja á hvaða grundvelli hann teldist hafa orðið fyrir tjóni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 845/2017.

3.

Síðari málsástæða stefnanda er byggð á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda með þátttöku sinni í því að Kaupþing banki hf. tók á sig alla markaðsáhættu af hlutabréfaeign Eglu Invest BV. með því að lána félaginu 3.000 milljónir króna „á fyrri hluta árs 2008“ gagnert í því skyni að halda uppi markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi. Eins og málið liggur hér fyrir eru málsástæður þessar um saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda verulega vanreifaðar og litlum gögnum studdar. Til þess er jafnframt að líta að röksemdir dómsins varðandi fyrri málsástæður stefnanda eiga að flestu leyti einnig við um þessa málsástæðu. Nægja ekki í þessu sambandi almennar ályktanir stefnanda um að stefndi hafi „sammælst“ við stjórnendur Kaupþings banka hf. um að bankinn tæki á sig alla markaðsáhættu af eignarhaldi Eglu Invest BV. Er óljóst hvernig tjón stefnanda megi rekja til ólögmætrar og saknæmrar hegðunar stefnda á fyrri hluta árs 2008 ef tjónið er reiknað út miðað við lengra tímabil, sbr. aðalkröfu stefnanda. Bótakrafa samkvæmt varakröfu er miðuð við allt árið 2008 en hin ólögmæta háttsemi átti að hafa orðið í upphafi árs 2008. Þá er í

þrautavarakröfu lagt til grundvallar að stefndi hefði „að líkindum“ selt bréfin í september 2008 ef hann hefði ekki verið blekktur, vísast til röksemda dómsins í umfjöllun hér að framan, en takmörkuð gögn liggja fyrir dóminum. Ekki er rökstutt nánar á hverju þau líkindi eru byggð. Þá eru tvær síðustu dómkröfur stefnanda sama marki brenndar og greinir hér að framan í umfjöllun dómsins. Með vísan til þess er að framan greinir telur dómurinn málatilbúnað stefnanda verulega vanreifaðan og því beri að vísa kröfum stefnanda á hendur stefnda frá dómi.

4.

Að lokum skal tekið fram að málið er höfðað á réttu varnarþingi, sbr. 41. gr. laga nr. 91/1991, þar sem brot telst hafa verið framið hér á landi í Kaupþingi banka hf. Þá verður talið að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið fyrir dómi hvort hann eigi þá kröfu sem hann krefur stefnda um. Fyrir liggur kröfuframsöl þar sem stefnanda eru framseld hlutabréf og réttindi af hvaða tagi sem er. Er á því byggt að stefndi hafi valdið Stapa lífeyrissjóði tjóni. Krafa stefnanda tengist því ákveðnu sakarefni. Verður því talið að stefnandi hafi sýnt nægjanlega fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist kröfu sinnar. Þá verður ekki fallist á að aðild stefnanda sé vanreifuð.

Með vísan til alls þess er að framan greinir er máli þessu vísað frá dómi. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda 1.365.000 krónur í málskostnað.

Jón Þór Ólafsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Þórólfur Jónsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnanda, Samtökum sparifjáreigenda, ber að greiða stefnda, Ólafi Ólafssyni, 1.365.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir